





**Almennar skýringar:**
Um er að ræða viðbyggingu/geymsluhúsnæði á jörðinni Dalsholti, 806 Bláskógabyggð. Landnúmer. 209270.
Byggingin er áfast matshluta 04 og verður svo sjálf mhl.05

Almenn efni og gerð:
Undirstöður eru úr steypu.
Botnplata er staðsteypt, einangruð með 100mm plasteinangrun.
Útveggir eru gerðir úr timburgrind 45x195mm, krossviðsklæddir með 9mm krossvið og klæddir að utan með liggjandi hvítu bárujárni.
Útveggir eru einangraðir með 150mm steinull og klæddir með 2x13mm gipsi að innan. Klæðning skal vera í flokki 1.
Þak er byggt úr einhalla kraftsperrum, klætt með 18mm þakkrossvið og síðan kemur PVC dúkur sem soðinn er saman á öllum samskeytum.
Þakið er einangrað með 200mm einangrun og síðan klætt með bárujárni að innan.
Gluggar og hurðir eru úr timbri, gler í gluggum er tvöfalt K-einangrunargler.

Brunamál:
Í bilinu eru 2stk slökkvitæki við báðar flóttaleiðir af viðurkenndri gerð.
Við val og staðsetningu á handslökkvitækjum má leita ráðgjafar hjá slökkviliðsstjóra og hafa ber hliðsjón af leiðbeiningum og reglum Mannvirkjastofnunar. Handslökkvitæki skulu vera í samræmi við ÍST-EN3.
Brunaveggur EI90 er á milli eldri byggingar og nýrrar viðbyggingar, sjá deili.
3stk reykskynjarar eru í bilinu, sjá grunnmynd.
Flóttaleiðir úr húsinu má sjá á grunnmynd og í skýringum að neðan.
Allar loft- og veggklæðningar í húsinu skulu vera í flokki 1.
Reyklosun er um hurðir og opnanlega glugga.

Lagnir:
Frárennslislagnir eru lagðar í jörðu og undir botnplötu og tengjast í rotþró sem fyrir er á staðnum.
Neysluvatnslagnir eru lagðar undir botnplötu, í botnplötu og í veggi.(rör í rör)
Hitablásarar eru notaðir til kyndingar á húsnæðinu.
Gólfniðurfall er í ýminu, sjá á grunnmynd.
Öll rými eru loftræst um opnanleg fög og hurðir.

Sorpmál:
Sameiginlegar sorpgeymslur eru með hesthúsi sem ákvarðast betur af flokkunarstefnu sveitarfélagsins.

Lóð og umhverfi:
Frágangur lóðar skal gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Sameiginleg bílastæði eru við hesthúsið.

Annað:
Uppfylltar eru kröfur varðandi kólnunartölur og einangrun einstakra byggingarhluta U-gildi:

| | ÚTREIKN. TÖLUR | KRÖFUR |
|---|---|---|
| Byggingarhluti | $W/m^2 K$ | |
| Útveggir | 0,25 ( 150 mm steinull) | 0,30 |
| Þak niðurtekið | 0,20 ( 200mm þakull) | 0,20 |
| Gólf | 0,25 ( 100 mm plasteinangrun) | 0,30 |
| Gluggar (k-gler) | 1,10 (Tvöfalt k-gler) | 2,00 |
| Hurðir | 1,10 | 3,00 |

| | |
|---|---|
| --➧ | Útgangur |
| R | Reykskynjari |
| HS | Handslökkvitæki |
| GN | Niðurfall |
| 00,00 GK | Gólfkóti á frágengið gólf |

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
04. nóv. 2020
Byggingarfulltrúi

20203252

Öll mál eru í millimetrum, nema annað sé tekið fram.

| Br: | Breyting | Dags: | Samþ: |
|---|---|---|---|

| | |
|---|---|
| VERKHEITI: Dalsholt, 806 Bláskógabyggð Geymsla | TEIKNINÚMER: 100 |
| VERKHLUTI: Aðalteikningar Útlit, snið og grunnmynd | ÚTGÁFA: A1 |
| Hönnuður: Bent Larsen Fróðason kt. 141177-3469 Samþykkt: | BLAÐSTÆRÐ: A-1 |
| Hönnunarstjóri: Bent Larsen Fróðason kt. 141177-3469 Samþykkt: | DAGS: 25.09.20 |
| LARSEN HÖNNUN OG RÁÐGJÖF — Bent Larsen Fróðason, Byggingafræðingur B.Sc, Sími 844-7699, tölvupóstur: bent@larsenhr.is | VERKNR: 20-43 |
| | MKV: 1:100 |